

Jaml í kjölfar Japl

Guðmundur Jónsson, aðallagsmiður og gítarleikari Sálarrinnar hans Jóns míns er að senda frá sér sína aðra sólóplötu innan skamms. Platan kemur til með að heita Jaml og er önnur platan í þrileik hans er hófst með útgáfu disksins Japl árið 2004.

Margslunginn hljóðheimur
Jaml inniheldur 10 glæný lög og texta eftir Guðmund sem í þetta skiptið sér sjálfur um allan hljóðfæraslátt, söng og upptökur, nema í einu laganna syngur Magnús Þór Sigmundsson dúett með Guðmundi. Í tilkynningu segir að plötunni Jaml megi lýsa sem lágstemmdri og persónulegri tónlist, ofin í margslunginn hljóðheim og af-

ar melódísk að hætti höfundar.

Fyrsta lagið í spilun

Þessa dagana er fyrsta lagið af disknum að koma í spilun og er það lagið „Fyrirgefðu“.

Í kjölfar útgáfunnar í byrjun næsta mánaðar, mun Guðmundur fara í einmenningstónleikaferð um land allt í júní og júlí.



Guðmundur Jónsson með sína aðra sólóplötu